



Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1899-1943

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Járnbrautarmálið – Geir G. Zoëga – Forslag til Dansk-
Íslandsk Forbundslov

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-10, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FRAMHALDSSKÝRSLA

UM

JÁRNBRAUTARMÁLID

EFTIR

GEIR G. ZOËGA, VEGAMÁLASTJÓRA

Framhaldsskýrsla

um

járnbrautarmálið.

Eftir

Geir G. Zoëga, vegamálastjóra.

Reykjavík

Ísafoldarprentsmiðja h.f. — 1926.

Framhaldsskýrsla um járnbrautarmálið.

Kostnaðaráætlun um járnbraut.

Kostnaðaráætlun Sv. Möller verkfr. um járnbrautina er frá árslokum 1923 og byggð á því verðlagi sem var þá um haustið. Síðan hefir verðlag alt nema verkalaun lækkað til mikilla muna. Þá var miðað við að pund sterling jafngildi ísl. kr. 28,00 en síðan hefir það lækkað í ísl. kr. 22,15. Jafnframt hefir verðlag á járn, timbri, sementi og flestu efni lækkað í innkaupum, svo verðmunurinn er því orðinn tiltölulega meiri en nemur hækkingu íslenska gjald-eyrisins.

Áætlunin var því endurskoðuð, er jeg dvaldi í síðastliðnum nóvembermánuði nokkra daga með Sv. Möller í Noregi. Jafnframt ræddum við ýms atriði járnbrautarmálsins, sjerstaklega með tilliti til breytinga, sem kynni að þykja rjett að gera frá því, sem áður hafði verið áætlað. Fóru þær yfirleitt í þá átt, að draga úr kostnaðinum. Fjelst Möller á, og hefir gert að tillögu sinni, að mjókka um 10% undirbyggingu og grjótlagið undir þverslánun. Fyrir þessa breytingu lækkar áætlunin um fullar 200 þús. kr. Aðrar verulegar breytingar er ekki um að ræða.

Jeg vil geta þess, að áætlunin var ekki fullgerð fyrir en eftir að jeg kom heim og hefir Sv. Möller því ekki átt kost á að leggja á hana fullnaðarsamþykki sitt í öllum atriðum. Kann að vera að hann vilji gera þar einhverjar breytingar, en ekki verða þær svo miklar að um muni til eða frá.

Endurskoðuð áætlun um stofnkostnað járnbrautarinnar verður þannig, og merkja jafnframt tölurnar í svigum fyrri áætlun:

Rl. A. Áhöld vjelar og efni til afnota við framkvæmd verksins er skift á hina reikningsliðina eftir hæfilegum hlutföllum.

— B. Undirbygging	(2085000)	kr.	1727000
— C. Yfirbygging	(2129400)	—	1678000
— E. Brýr og ræsi stærri en 1.0 m.	(316400)	—	253000
— F. Eimreiðar og vagnar, alt nýtt	(746000)	—	582000
— G. Stöðvar og hús brautarvarða	(816500)	—	812500
— H. Talsimi	(34500)	—	34500
— K. Girðingar	(124500)	—	24000
— L. Vegamót	(51000)	—	45000
— M. Varnir gegn aðfenni	(24000)	—	24000
— R. Verkamannaskálar og tjöld	(15000)	—	15000
— D. og N. Framkvæmdastjórn og ýmislegt	(582200)	—	555000

Samtals (kr. 6925000) kr. 5750000

Lækkunin nemur þannig alls kr. 1175000 og munar þar mest um undir- og yfirbyggingu, en lækkunin á þeim 2 liðum er talin 810 þús. kr. Stöðvar og hús lækka sama sem ekki, vegna þess, að gera verður nú ráð fyrir, að Reykjavíkurstöðin verði sett á svonefndan „Skell“, túnið austan við Hringbraut, en sunnan við Laugaveg. Áður hafði Möller gert ráð fyrir, að stöðin yrði sunnan og austan við Tjörnina, neðst í Laufástúninu fyrir neðan Fjólugötu, en hún var áætluð um 80 þús. kr. ódýrari en stöðin á „Skell“. Á síðastliðnu hausti hafði skipulagsnefnd Reykjavíkur, en þar er jeg einn nefndarmanna, mál þetta til meðferðar, og þóttu nefndinni svo margir og miklir annmarkar á því, að stöðin yrði hjá Tjörninni, að ekki væri áhorfsmál að velja fremur hinn staðinn, enda þótt kostnaðurinn yrði áætlaður mun meiri. Á þessa skoðun hefir og bæjarstjórn fallist. Þriðja stöðvarsæðið hefir og komið til greina, neðst í Arnarhólstúni, austan við Ingólfsstræti, en áætlun Möllers um stöð þar, er enn 70 þús. kr. hærri en stöðin á „Skell“. Jeg skal geta þess, að „Skellur“ er erfðafestuland, en látið af hendi með slíkum kjörum, að Reykjavíkurbær mun geta eignast landið með mjög vægu verði og lagt járnbrautinni það því verði upp í væntanlegt tillag. Gert er að sjálf-sögðu ráð fyrir sjerstöku spori frá Reykjavíkurstöðinni, niður að höfn, og mætti þá koma fyrir stjett þar, t. d. við Ingólfsstræti, og nota sem enda-stöð lesta, ef aðalstöðin þætti liggja nokkuð langt frá miðbænum. Í fyrri áætluninni hafði verið ráðgert að girða meðfram nálega 25 km. brautarinnar, en jafnframt var í rauninni lagt til að sleppa girðingum að mestu. Er sú til-laga ákveðnari nú og lækkar því áætlunina til mikilla muna á þessum lið. Ástæða þykir ekki til að lækka fyrri áætlun um talsíma, varnir gegn aðfenni og um verkamannaskála, enda eru þeir liðir aðeins smáar upphæðir.

Í áætluninni er gert ráð fyrir, að Ölfusárstöðin verði undir brekkunni vestan árinna gegnt Selfossi. Með því að nokkrar ástæður mæla með því, að stöðin verði austan Ölfusár, þá hefir Möller gert áætlun um járnbrautarbrú, sem nemur 200 þús. kr. Við þessa breytingu myndi brautin lengjast um $\frac{1}{2}$ km., sem kostar um 25 þús. kr.

Við framangreinda kostnaðaráætlun má bæta vöxtum af stofnkostnaði þann tíma, sem verið er að leggja brautina og telja má 3—5 ár eftir því hver áhersla er lögð á að hraða verkinu, og má ætla að þeir nemi um 500 þús. kr. Möller mintist á þenna lið í fyrri áætlun sinni og taldi hann þá 620 þús. kr., en lagði þá upphæð á móti væntanlegri verðlækkun, en bætti henni ekki við áætlunina.

Stofnkostnaður brautarinnar allur með vöxtum telst þannig með núverandi verðlagi og miðað við að brautin verði fullgerð á 3 árum

Kr. 6.250.000

eða ef brautin nær austur fyrir Ölfusá

Kr. 6.475.000

Væntanlega má búast við nokkurri frekari verðlækkun, en taplega mikilli á næstu árum, með því að verð á sumu efni, sjerstaklega járn, sem hjer gætir mjög mikils, hefir þegar lækkað nálega í það verð, sem var í stríðsbyrjun. Hinsvegar er líklegt, að verkalaun lækki nokkuð, ef verðlag breytist. Verði talið heppilegra að fullgera brautina á 5 árum í stað 3, þá hækkar liðurinn til framkvæmdastjórnar eitthvað.

Rekstrarkostnaður járnbrautar.

Eins og umgetið í áætlun Möllers frá 1923, var rekstraráætlun brautarinnar miðuð við þær kröfur, sem gerðar eru, og þær reglur, sem fylgt er við ríkisrekstur spormjórna, brauta í Noregi. Nú er það svo, að þar sem ríkisrekstur brauta á sjer stað, þar hefir reynst örðugt að laga kröfur og reglur eftir umferð og flutningsmagni hverrar brautar, heldur hefir raunin orðið sú, að rekstur smábrautanna hefir orðið óþarflega umfangsmikill og kostnaðarsamur. Er mönnum þetta ljóst í Noregi, og sjerstaklega er Möller nú orðinn þeim málum mjög kunnugur, með því að hann sat á síðastliðnu ári í nefnd, sem þar var skipuð til þess að benda á leiðir til sparnaðar í rekstri járnbrautanna.

Hann hefir því í samvinnu við Foss skrifstofustjóra, aðalráðamann norsku járnbrautastjórnarinnar á þessu sviði, endurskoðað áætlun þá, er þeir báðir gerðu um rekstur járnbrautarinnar hjer.

Er áætlunin endurskoðuð á þessa leið, og merkja svigatölurnar fyrri áætlun:

2. rekstrarár.

Tekjur:

Fólksflutningar 2550000 mannm. á 10 aura	kr. 255000 (274200)
Vöruflutningar 480000 tonnkm. » 30 —	— 144000 (144000)
Póstflutningar o. fl.	— 22000 (21800)
	Kr. 421000 (440000)

Gjöld:

Eimreiðaakstur, viðhald o. fl. 75000 eimrkm. á kr. 1.05 (1,28)	kr. 78800 (96000)
Vagnar, rekstur, viðhald o. fl. 870000 öxulkm. á 2,3 aura (2,5)	— 20000 (21700)
Starfsmenn á lestum 68000 lestarkm. á 30 aura (40) —	20400 (27200)
Stöðvakostnaður	— 85000 (110000)
Varsla brautarinnar og viðh. brautar og bygginga 66 km. á kr. 1800 (2000)	— 118800 (132000)
Framkvæmdastjórn o. fl.	— 35000 (45100)
	Kr. 358000 (432000)

10. rekstrarár.

Tekjur:

Fólksflutningar 4750000 mannm. á 10 aura	kr. 475000	(499000)
Vöruflutningar 756000 tonnkm. á 30 aura	— 226800	(226800)
Póstflutningar o. fl.	— 30200	(30200)
	<u>Kr. 732000</u>	<u>(756000)</u>

Gjöld:

Eimreiðar, rekstur, viðhald og fl. 91000 eimr.km. á kr. 1.05 (1.28)	kr. 95550	(116500)
Vagnar, rekstur, viðhald o. fl. 1440000 öxulkm. á 2,3 aura (2,5)	— 33120	(36000)
Starfsmenn á lestum 82000 lestarkm. á 30 aura (40)	— 24600	(32800)
Kostnaður starfrækslu á öllum stöðum	— 100000	(133000)
Varsla og viðhald brautar 66 km. á kr. 2000 (2400)	— 132000	(158400)
Framkvæmdastjórn o. fl.	— 38730	(56300)
	<u>Kr. 424000</u>	<u>(533000)</u>

Gjaldaáætlunin hefir þannig lækkað um 74 þús. kr. á 2. ári og um 109 þús. kr. á 10. ári. Jafnframt eru áætlaðar tekjur af fólksflutningi lækkaðar um kr. 19000 og kr. 24000, er það með tilliti til þess að rjett þykir að ætla enga flutninga sjerstaklega áleiðis til Þingvalla frá Reykjavík eða að austan að Hólmsárstöð. Einkum þykir rjett að gera þessa breytingu vegna þess, að nú er með nýju vegalögum ákveðið að flytja Þingvallavegin af Mosfellsheiðinni og leggja hann um sveitina.

Tekjuafgangur upp í vexti verður á 2. ári samkvæmt áætluninni kr. 63000.00 en á 10 ári kr. 308000.00 — eða 5% af stofnkostnaðinum.

Mótorvagnar.

Enn hefir ekki tekist að gera áætlun um hverrar breytingar megi vanta um rekstur brautarinnar ef notaðir verða mótorvagnar að einhverju leyti í stað eimreiða, en fullyrða má, að á þann hátt megi spara talsverða upphæð árlega á rekstrinum. Mótorvagnar hafa á síðustu árum náð talsverðri útbreiðslu, af nálægum löndum sjerstaklega í Svíþjóð og í Danmörku. Þeir eru af ýmsri gerð og notað til eldsneytis ýmist bensín eða hráolía. Einkum hafa þeir reynst hentugir til fólksflutninga en síður þar sem eru miklir vöruflutningar. Aðalókostur þeirra er, að dráttaraflid upp brekkur er frekar lítið. Með því að hjer gætir mest fólksflutninga, en hinsvegar brautin tiltölulega hallamikil, má búast við að mótorvagnar yrðu einkar hentugir í sambandi við eimreiðarekstur. Myndu þá eimreiðar fara þær ferðir, sem flutningar eru mestir,

með vagna í lest, þyrftu þá jafnvel ekki suma tíma árs að fara á hverjum degi fyrst í stað, en mótorvagnar, sem rúma bæði farþega og nokkurn flutning færu þess á milli. Gætu þá ferðir orðið tíðari, fleiri á dag, en fyr var ráðgert, sem var 2 fram og aftur á sumrum, en 1 á vetrum.

Í Noregi hefir undanfarna mánuði setið nefnd manna, sem átti að rannsaka mál þetta alt um notagildi mótorvagna. Nefndaráliti er búist við mjög bráðlega. Jafnframt er Möller nú í samráði við formann tjeðrar nefndar að undirbúa tillögur og áætlun um notkun mótorvagna að einhverju leyti á járnbrautinni hjer. Vænti jeg álits hans í því efni innan skamms.

Rafmagn til reksturs brautinni.

Á síðari árum, einkum eftir lok ófriðarins, hefir færst mjög í vöxt notkun rafmagns til rekstrar járnbrauta. Sjerstaklega gætir yfirburða rafmagnsins þar sem umferðin er mest, nálægt stórborgunum og ella í þeim löndum þar sem ekki eru kolanámur en góður kostur raforku, svo sem t. d. í Svíþjóð, Ítalíu og Sviss. Í Noregi eru og nokkrar rafmagnsbrautir og hafa verið gerðar áætlanir um hvort tiltækilegt væri að koma í framkvæmd þeirri stórkostlegu umbót, að nota raforku í stað kola til rekstrar allra járnbrauta þar í landi. Menn munu vera sammála um, að í þeirri umbót væri feiknamikil framför frá sjónarmiði almennra þjóðarhagsmuna, og nóg er vatnsorkan, en kostnaðurinn yrði afskaplega mikill, svo mikill, að viðbúið er, að hann verði þeirri umbót þrándur í götu um langa tíð.

Hjer eru ástæður þannig, að rafmagn getur því að eins komið til greina, að kostur sje á því mjög vægu verði frá raforkuveri, en stofnað verði til annarar starfrækslu aðallega. Veldur þar um mestu í samanburðinum, að kolaeyðsla brautarinnar verður svo tiltölulega lítil, hún er áætluð 600 smál. á 2. ári, og svo hitt, að raforkuveitan meðfram brautinni er mjög kostnaðarsöm.

Jeg get um þenna möguleika fyrir rafvirkjun járnbrautarinnar, með því að ekki er óhugsandi, að nokkur hreyfing komist á virkjun Sogsfossanna áður langt um líður. Er því sjálfsgagt að athuga hvort horfur eru á að raforkan verði notuð til rekstrar brautarinnar, og mun það verða gert. Hinsvegar er því ekki að leyna, að reynsla Norðmanna bendir í þá átt, að litlar horfur muni vera á, að rafvirkjun járnbrauta með svo lítilli umferð muni gerleg.

Fullkominn vegur og bifreiðar til flutninga.

Vegurinn.

Í fyrri skýrslu hefi jeg gert grein fyrir hverjar vegabætur verði að gera og að þær myndi kosta um 3½ milj. kr. Þó nokkur verðlækkun hafi orðið síðan (mars 1924) þá hefi jeg jafnframt orðið þess vísari, að sú áætlun mun síst of há. Vegarlengdin frá Reykjavík yfir Ölfusárbrú verður sem næst 67 km.

Jeg hygg að ekki þyrfti að óttast að umferð teptist á þessum nýja vegi vegna snjóþyngsla á vetrum, en nokkru fje myndi þurfa að verja árlega til snjóruðnings.

Kostnaðaráætlun og rekstur.

Í áætlun þeirri, sem samin var 1924, var gert ráð fyrir að nota bæði til fólks og vöruflutninga stórar bifreiðar af þeirri gerð, er aflvjin knýr bæði fram og afturhjóll. Var einnig miðað við að þessar bifreiðar drægju á eftir sjer í lest 1 eða 2 fólks- eða vöruvagna. Bæði bifreiðarnar sjálfar og vagnarnir bera 3 smál. eða 25 manns. Síðari reynsla erlendis hefir leitt í ljós, að ýms vandkvæði eru á því að hnýta fólksvögnum aftan í bifreiðar, og eins að varlegra er að ætla flutningsbifreið ekki að draga nema 1 vagn sjerstaklega á svo mjóum vegi, 4,8 m. breiðum, sem hjer er gert ráð fyrir. Nú er enn fremur talið hentugra að nota aðallega aðra tegund bifreiða, sem er ódýrari í rekstri.

Í fyrri áætlun voru bifreiðar og vagnar áætlaðar . . .	kr. 500000
Stöðvar	— 300000
Vegurinn	— 3500000

Samtals kr. 4300000

Þessari áætlun þykir ekki ástæða til að breyta.

Rekstrarkostnaður bifreiðanna er á 2. ári áætlaður þessi, og merkja tölurnar í svigum fyrri áætlun:

1. Vöruflutningar.

Benzín	kr. 50000
Smurningssolía	— 5800
Gúmmí	— 42500
Viðgerðir	— 19300

Flyt kr. 117600

	Flutt	kr. 117600	
Fyrir vagna án gúmmí 15% af			
kr. 240000	—	36000	(167000) Kr. 153600
2. Fólksflutningar.			
Benzín	kr. 29600		
Smurningssolía	— 5800		
Gúmmí	— 24300		
Viðgerðir	— 15400		
Fyrir vagna án gúmmí 15% af			
kr. 180000	—	27000	(127000) — 102100
3. Starfsfólk		(106000)	— 97000
4. Viðhald vegarins		(45000)	— 45000
5. Snjóruðningur		(15000)	— 15000
6. Framkvæmdastjórn o. fl.		(25000)	— 25000
		Samtals (485000)	Kr. 437700
Tekjur eru áætlaðar sömu og járnbrautar			Kr. 421000

Jeg vil geta þess, að áætlunin um verð bifreiða og vagna svo og að mestu um rekstur þeirra og að nokkru leyti um starfsfólk er góðfúslega látin í tje af norsku vegamálastjórninni. Að öðru leyti er áætlunin sniðin eftir líkum áætlunum, er gerðar hafa verið annarsstaðar.

Samkvæmt þessari endurskoðuðu áætlun verða gjöldin um 47 þús. lægri en fyr áætlað, en tekjuhalli verður samt tæpar 17 þús. kr. Áætluð lækkun á 10. rekstrarári verður lík að tiltölu og verða þá gjöldin um kr. 550000 en tekjur kr. 732000 og tekjuafgangur þannig upp í vexti kr. 182000.

Samanburður járnbrautar og bifreiða.

Reksturskostnaður bifreiðanna er áætlaður meiri en járnbrautar og munar þar mestu um eldsneytiseyðsluna, sem óhætt er að telja minst tvöfalt meiri. Annar liðurinn sem mestu munar, er gúmmí, sem er áætlað kr. 66800.

Rekstrarafkoman hefir verið áætluð þessi:

Á 2. ári	{	bifreiðar halli	kr. 16700
		járnbrautin hagur	— 63000
Á 10. ári	{	bifreiðar	— 182000
		járnbrautin	— 308000

Þegar enn fremur er tekið tillit til, að það er þó líklegra að framkvæmanlegt þyki síðar meir, að nota raforku til rekstrar járnbrauta en bifreiða, þá er bersýnilegt að bifreiðarnar verða miklu háðari en járnbrautin verðlagi útlendrar vöru, eldsneytis og gúmmí, sem ætlað er þegar á 2. ári að kosta um 160 þús. kr. En járnbrautin notar þá eldsneyti fyrir aðeins 30 þús. kr. með 50 kr. verði fyrir hverja kolasmálest. Af öðrum gjaldaliðum munar mest um kostnað við viðhald brautar, eimreiða og vagna svo og kaup starfsfólks. Þessir liðir eru mun hærri en tilsvarandi gjöld bifreiðanna.

Hvernig sem á málið er litið, verður rekstrarafkoma bifreiðanna miklu lakari en járnbrautarinnar. En mest gætir þó hins, að þær jafnast alls eigi við járnbraut um að fullnægja þörfum vaxandi umferðar. Nú verður að gera ráð fyrir því, að ræktun Suðurlandsundirlendisins, vaxi til muna jafnvel í náinni framtíð þannig að framleiðsla og flutningar geti margfaldast fram úr því sem áætlað er á 10. rekstursári. Til þess vaxtar eru mörg skilyrði fyrir hendi. Er þá aðgætað, að járnbrautin getur afkastað miklu meiri flutningum án þess að kaupa þurfi vagna eða eimreiðar eða kosta verulega meiru til viðhalds brautinni og til fólksalds. En jafnóðum og umferð bifreiða vex, þarf að bæta við nýjum, því þær sem fyrir eru anna ekki meiru en þeim er atlað í upphafi.

Í samanburðinum gætir þess nokkuð, að bifreiðarnar verða seinni í förum en eimlestir á járnbrautinni. Þeim er ætluð 2½ klst. milli Reykjavíkur Ölfusár, en svo stórar bifreiðar sem þessar mega ekki aka hratt, síst ef vagn er hnýttur aftaní þær. Hámarks ökuhraði þeirra er t. d. í Danmörku 24 km. á klst. og aðeins 15 km. á klst. með vagn. Með viðstöðum yrðu þá fólksbifreiðarnar um 3½ klst. eða 1 klst. lengur á leiðinni en eimlest.

Í þessu efni er mjög fróðlegur samanburður við reynslu þá, sem fengin er í nálægum löndum. Mun jeg því skýra frá þeirri reynslu eftir kynningu, sem jeg hefi af henni haft bæði á ferðum erlendis og í ýmsum skýrslum.

Reynsla í Noregi.

Ástæður í Noregi eru að mörgu leyti svipaðar og hjer á landi, en landið er löngu orðið miklu betur vegað en hjer bæði með járnbrautum og akvegum. Járnbrautir eru nú í Noregi um 3000 km. og hafa kostað um 500 milj. kr. Árlega bætast við 30—40 km. og eru allir sammála um að láta sitja fyrir aðalbrautirnar, sem tengja saman landshluta. Hinsvegar eru menn nú orðnir gætnari að leggja brautir þar, sem líklegt þykir að komast megí af með bifreiðar. Menn hafa þar rekið sig allþýrmilega á, að rekstrarkostnaður sumra brauta hefir orðð ríkissjóði allþungur baggi. Hefir því verið ákveðið að jafnan þá er áætlun verði gerð um byggingu nýrrar smábrautar, skuli einnig gerð áætlun um flutningskostnað með bifreiðum. Liggja þannig

nú fyrir hliðstæðar áætlanir um slíkar samgöngubætur sem væntanlegar eru á næstu árum.

Við athuganir þessara áætlana koma þessi atriði í ljós:

1. Byggingarkostnaður járnbrautanna er miklu hærri en hjer.
2. Flutningsmagnið miklu minna en hjer áætlað.
3. Vegir eru til, sem með nokkrum umbótum, nægja bifreiðaumferðinni.

Byggingarkostnaður járnbrauta í Noregi varð á árunum 1908—1922 að meðaltali rúmar 400 þús. kr. hver km. og í áætlunaryfirliti, sem lagt hefir verið fram um byggingu 3500 km. nýrra brauta, er hver km. áætlaður 360 þús. kr. Hjer er hver km. áætlaður að kosta 87 þús. kr. Veldur þar um mestu hve landslag er þar miklu örðugra en hjer, svo að alls ekki er sambærilegt. Önnur ástæðan er sú að yfirleitt eru nú járnbrautir þar gerðar með 37 cm. breiðara spori en hjer er áformað, jafnvel þar sem þess er alls ekki þörf til þess að anna flutningunum, til þess eins, að sömu eimreiðar og vagnar geti ekið um allar brautir. Verða þannig teinarnir og öll gerð brautarinnar miklu öflugri og dýrari en hjer áætlað.

Flutningsmagn sem hjer er áætlað, hefi jeg borið saman við 9 áætlanir norskar, og hefir verið nokkuð deilt um að minsta kosti sumar þeirra, hvort heldur skuli leggja þar járnbraut eða láta nægja bifreiðar. Í Noregi hafa ekki verið gerðar áætlanir um rekstur bifreiða til reglubundinna flutninga á vegarköflum, sem meiri flutningar eru um. Verður samanburðurinn þannig:

	Vegur Lengd km.	Mannkm. um hvern km. brautar	Tonnkm. um hvern km. brautar	Áætlaður ársrekstur bifreiða	
				Tekjur Kr.	Gjöld Kr.
Rvk—Ölfusá	67	38000	7200	421000	392700
1. Norski vegarkalli	40	37550	1925	234000	227000
2. — —	92	13445	752	201000	177000
3. — —	90	9920	2000	134000	139000
4. — —	62	5900	1000	95000	95000
5.—9.— —		2740—9500	270—800		

Sjóst glögt af þessum tölum, hve flutningsmagn um brautina hjer er langmest. Á þeim norska vegakaflanum sem fólksflutningarnir koma næst áætluðum flutningum austur, eru vöruflutningar aðeins freklega ¼ hluti þess, sem hjer er áætlað. Allar hinar brautirnar hafa svo miklu minni umferð. Nú í vetur var hafin fyrir reikning og undir stjórn ríkisjárnbrautanna reglubundinn bifreiðaakstur á 1. og 2. akbrautinni. Mun verða bætt við að minsta kosti tveimur hinna á þessu ári. Til flutninganna eru notaðar bifreiðar af sömu stærð og gerð, sem miðað er við í áætlun okkar. Hvergi annarsstaðar í Noregi nema í útjöðrum Oslo hafa enn verið notaðar til reglubundinna flutninga jafnstórar bifreiðar og hvergi er þar sambærilegri aðstaða við staðhattu

okkar en einmitt á þeim vegaköflum, sem hjer hefir verið bent á. Yfirleitt eru menn ekki í vafa um, að bifreiðarnar muni anna flutningum á þessum vegarköflum að minsta kosti í bráð, enda hafa þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um járnbrautarlagningar, sýnt stórkostlegan rekstrarhalla.

Flutningsgjaldið er ákveðið fyrst um sinn 12 aur. hver mannm. og 50 aur. hver tonnkm. Með því flutningsgjaldi myndu tekjur bifreiðareksturs milli Reykjavíkur og Ölfusár verða kr. 147000 hærri en áætlað hefir verið. En gjaldið er svo miklu herra en Möller taldi skynsamlegt að áætla hjer, og sjálfsagt með rjettu. Þrátt fyrir þetta háa gjald er rekstrarafkoma bifreiðanna heldur bágborin. Til þess að samanburðurinn verði hliðstæðari, þá hefi jeg slept upphæðinni kr. 45000, sem áætluð er til greiðslu viðhaldskostnaðar vegarins austur að Ölfusá.

Vegir um fyrgreindar 9 leiðir eru taldir svo góðir, að þeir þurfi tilölulega lítilla umbóta við til þess að þola umferð svo þungra bifreiða, sem áformað er að nota. Vegabætur á 5 leiðum þeim, sem mest er umferð um og eru alls 374 km. að lengd, eru áætlaðar aðeins 720 þús. kr. en á hinum 4 leiðunum, sem eru 473 km. eru umbætur áætlaðar 2.2 milj. kr. Þetta atriði er í samanburðinum við okkur afarmikilsvert. Það gerir ekki lítinn mun, hvort bæta þarf veginn fyrir 2000 kr. hvern km. eða jafnvel 4600 kr., eða hvort þarf að gera nýjan veg að miklu leyti eins og hjer sem kostar 50—60 þús. kr. hver km. Þetta er svo mikið atriði, að það gjörbreytir allri aðstöðu til samanburðar. Þar sem ekki verða lagðar nema smáupphæðir til vegabóta, er engin fyrirstaða að hverfa síðar að járnbrautarlagningu ef flutningar aukast svo að það verði talinn hagur, enda er svo ráð fyrir gert. Öðru máli gegnir hjer, þar sem annar kosturinn er að leggja dýran akveg og vandinn er að velja það samgöngutæki, sem vissulega hlýtur að nægja til frambúðar, þó flutningar margfaldist.

Í Noregi fara nú bifreiðar fastar áætlunarferðir á um 450 vegarköflum („bilruter“). Flytja þær bæði fólk og vörur fyrir borgun samkvæmt gjaldskrá, er yfirvöld samþykkja. Á síðari árum hefir verið veittur styrkur úr ríkissjóði til þessara ferða, sem úthlutað er eftir tillögum vegamálastjórans. Nemur sú fjárveiting nú kr. 450000. — Flutningsgjöldin eru nokkuð mismunandi, fyrir fólk 10—20 aurar hver mannm. og fyrir vörur 50—100 aurar hver tonnkm. (Áætlað hjer 10 aurar og 30 aurar). Yfirleitt má fullyrða að sveitarfjelög þau eða fjelög einstakra manna, sem reka þessa atvinnu hafi mjög lítinn beinan rekstrarhagnað og sumstaðar allmikinn halla þrátt fyrir ríkissjóðsstyrkinn, sem oft er riflegur. Hinsvegar efast enginn um óbeina hagnaðinn. Aðalvegir í Noregi eru flestir í svo góðu standi að þeir þola jafnvel umferð bifreiða er bera 2—3 smalestir. En flutningsgjöldin hljóta jafnan að verða því lægri sem bifreiðin ber meiri þunga. Jeg hefi fengið hjá norsku vegamálastjórninni rekstrarreikninga margra bifreiðafjelaga og annar ekkert

þeirra fjelaga svipað eins miklum flutningum og hjer eru nú austur yfir Hellisheiði.

Reynslan í Noregi er því sú, að þrátt fyrir sjerlega víðtæka notkun bifreiða út um allar sveitir, þá hefir þeim hvergi verið ætlað að anna svo miklum flutningum, sem hjer eru austur. Í þeim sveitum, sem flutningarnir eru mestir, er lögð sjerstök áhersla á að koma bifreiðaferðum sem haganlegast fyrir, víða til þess að búa á þann hátt í haginn fyrir járnbraut síðar. En jeg þori að fullyrða, að hvergi í Noregi á nokkur sveit með slíkri flutningsþörf, sem Suðurlandsundirlendið hjer, að búa við svipaðar samgöngur, öröugar og ófullnægjandi.

Reynsla í Svíþjóð.

Reglubundnar bifreiðaferðir til fólks- og vöruflutninga um sveitirnar hafa ekki náð svipaðri útbreiðslu í Svíþjóð sem í Noregi, enda er járnbrautakerfið þar í flestum hjeruðum miklu meira en víðast í Noregi. Staðhættir þar eru og víðast síður en í Noregi sambærilegir við aðstöðu hjer og hefi jeg því ekki gert mjer eins far um að kynast þar.

Jeg vil aðeins minnst á samgöngurnar í einu hjeraði þar, Bohusljeni, enda mun þar í þessu máli helst fengin reynsla, er okkur gæti að gagni komið. Þar hófust 1923 reglubundnar bifreiðaferðir á vegarkafli 61 km. löngum, með stórum, þungum bifreiðum, en ríkisbrautirnar hafa annast allan rekstur og var til þessa stofnað í tilraunaskyni. Eru þar notaðar svipaðar bifreiðar þeim, sem áætlað hefir verið að nota hjer.

Flutningsmagnið hefir verið:

1923	1924	Hjer áætlað á 2. ári
480000 mannm.	550000 mannm.	2550000 mannm.
15000 tonnkm.	20100 tonnkm.	480000 tonnkm.

Fólksflutningar eru því nú aðeins $\frac{1}{5}$ hluti og vöruflutningur aðeins $\frac{1}{24}$ hluti þess, sem hjer er áætlað. Flutningsgjöldin fyrir fólk eru því næst þau sömu og hjer er áætlað, en fyrir vörur að meðaltali nær þreföld. Hagnaður er enginn á rekstrinum, en má þó telja, að hann beri sig. Árstekjur og gjöld hafa orðið nokkuð innan við 100 þús. kr. Er því bersýnilegt, að ólíku er saman að jafna flutningsmagni á þessari leið í Svíþjóð og hjer austur í Árnassýslu. Vegur sá, sem bifreiðarnar fara um, var gerður 1917—1922 og kostaði um 2,9 milj. kr. sænskar. Voru sumpart gerðar allmiklar umbætur á þeim vegi, sem fyrir var, en sumpart var lagður nýr vegur; að því leyti ekki ólíkt og hjer áætlað. Áður hafði verið áformað að leggja þarna spormjóa járnbraut, en þótti eðlilega of kostnaðarsamt, þar sem flutningar eru jafnlitlir.

Stjórn ríkisbrautanna stofnaði til þessa bifreiðareksturs, eins og fyrir segir, í tilraunaskyni, og þykir tilraunin hafa gefist vel, en ekki hefir þó til þessa slíkrí samgöngubót verið komið á annarsstaðar í Svíþjóð.

1923 birtist mjög ítarlegt álit nefndar, er sænska stjórnin hafði skipað til þess meðal annars að rannsaka samanburð á rekstri járnbrauta og bifreiða. Er þess getið þar, að naumast muni vera þar í landi sú járnbraut, þar sem vöruflutningar sjeu svo litlir, að bifreiðar gætu annað þeim, nema flutningsgjöld yrðu hækkuð, eða að öðrum kosti tekjuhalli á rekstri bifreiðanna. Er sjerstaklega vakin athygli á, að með bifreiðum megi að vísu anna talsverðum fólksflutningum, en vöruflutningarnir hljóti að verða nokkuð dýrir.

Reynsla í Danmörku.

Í Danmörku skipaði stjórnin fyrir nokkru nefnd manna til þess að rannsaka skilyrði fyrir því að koma á reglubundnum bifreiðaflutningum í stað þess að leggja nýjar járnbrautir í sveitum þar sem flutningsþörfin er lítil. Nefndarálit er ekki birt enn, en jeg hefi þó fengið ýmsar upplýsingar um, hvernig lítið er á mál þetta, sem verður þó ekki unt að birta hjer.

Bæði í Danmörku og Noregi er með lögum ákveðið, að sjerstakt leyfi yfirvalda þurfi til rekstrar fólks- og vöruflutningabifreiða fyrir almennig. Í Noregi er eins og fyrir greinir veittur árlega allríflegur styrkur til þess að halda uppi slíkum ferðum, en í Danmörku greiða leyfishafar sjerstakt gjald fyrir. Er gjaldið miðað við stærð bifreiðanna og flutningsþörf þeirrar sveitar, sem ekið er um, en gjaldinu er varið til viðhalds vegunum. Í Danmörku var á síðastliðnu ári slíkum ferðum haldið uppi á yfir 600 vegarköflum, sem flestir eru stuttir, að meðaltali um 27 km., en bifreiðarnar eru að telja má eingöngu til fólksflutninga og yfirleitt er ferðum hagað í sambandi við járnbrautirnar og nú orðið ekki leyfðar þar, þar sem samkeppi yrði við þær.

Það má óhætt segja, að samanburðaráætlanir, sem gerðar hafa verið, hafi fyllilega leitt í ljós, að til þess að bifreiðaakstur beri sig þar, sem um verulega flutninga er að ræða, þá þurfa flutningsgjöld með bifreiðum, sjerstaklega fyrir vörur, að vera miklu hærri en með járnbraut. Er þá miðað við að nota mótorgagna ásamt eimlestum, en hins vegar að kosta verði til allverulegra umbóta á akvegi, til þess að hann þoli umferð bifreiða af slíkri gerð og áætlun okkar er miðuð við. Einnig þolir áætlað flutningsmagn austur fyllilega að teljast verulegt í samanburði við hliðstæðar danskar áætlanir.

Stjórn ríkisbrautanna dönsku hefir að gefnu tilefni kynt sjer nokkuð þetta samgöngumál okkar og góðfúslega látið uppi, að telja verði heppilegra að leggja járnbraut frekar en að ráðast í svo stórkostlegan vegabótarkostnað, sem hjer er hinn kosturinn. Er jafnframt staðfest, að rekstrarkostnaður bifreiða muni verða miklum mun hærri en járnbrautar, ef þær eiga að anna

sömu flutningum og er sjerstaklega vakin athygli á yfirburðum járnbrautar til að anna auknum flutningum, til frambúðar ólíkt betur og ódýrar en bifreiðar. Loks er bent á mikla kosti mótorgagna til slíkra flutninga sem hjer verða.

Almenn reynsla.

Jeg hefi nú dregið saman til yfirlits, hvernig lítið er á ýms mikilsverð atriði þessa samgöngumáls alment á Norðurlöndum. Bifreiðarnar hafa á síðari árum rutt sjer meir rúm en dæmi eru til fyrir um önnur flutningatæki, og breytt og bætt samgöngurnar stórkostlega. Samkeppi þeirra víða við járnbrautirnar hefir orðið til þess, að stjórnendur járnbrautanna hafa rankað við sjer og tekið að breyta ýmsu til bóta, en sjerstaklega að gæta meiri hagsýni í rekstri brautanna. Á því sviði hafa mótorgagnarnir þegar markað stórt framfaraspor alstaðar þar sem þeir hafa komist í notkun, sjerstaklega til fólksflutninga, með því að þeir eru svo miklu ódýrari í rekstri en eimreiðar; má þá hafa ferðir miklu tíðari, en reynslan sýnir, að við það eykst umferðin og menn kjósa að sjálfisögðu þann farkost frekar en bifreiðar, þó þeirra sje kostur, jafnvel fyrir líkt flutningsgjald. Hinsvegar hefir það einmitt víða verið meinið við vöruflutninga með járnbrautum, í samkeppi við bifreiðar, að vegna umhleðslu varnings og af ýmsum öðrum flutningsástæðum, þá verða vörurnar oft ótrúlega lengi á leiðinni til móttakenda, nema greitt sje mjög tilfinnanlegt aukagjald, en bifreiðarnar geta annast flutningana alla leið beint milli aðilja. Þessir kostir bifreiðanna hafa valdið því, að þær keppa mjög víða við járnbrautirnar, jafnvel þó flutningsgjald með þeim sje nokkru hærri. Í þeirri samkeppi hafa þær fram til síðari ára notið þess, að rekstur þeirra hefir verið laus við að bera byrðar af viðhaldi vegarins, er þær fara um. Nú mun þó víðast tekin sú stefna, að skattleggja slíkan bifreiðaakstur og miða við slít vegarins og nauðsynlegt viðhald. Í Svíþjóð er t. d. slíkur skattur 5% af flutningsgjaldinu. Í Danmörku er hann alt að því eins hár og í Svíþjóð, en mjög misjafn eftir því, sem amtsráðin telja þörf bifreiðaflutninganna mikla. Auk þessa skatts er sjerstakur bifreiðaskattur, sem einnig er varið eingöngu til vegabóta. Alstaðar er og bifreiðum með lögum gert að skyldu að tryggja gegn slysum bæði farþega og aðra, sem kynnu að verða fyrir slysi af völdum bifreiðarinnar. Í Danmörku t. d. er árlegt iðgjald slíkrar tryggingar tæpar 500 kr. fyrir fólksbifreið alt að 14 manna, en hækkar að tiltölu fyrir stærri bifreiðar. Í áætluninni hjer hefir þessum gjaldalið

verið slept. Yfirlit mitt hjer að framan ber það með sjer, að reglubundnir bifreiðaflutningar hafa ekki verið reyndir á Norðurlöndum þar sem flutningsmagn er svo mikið sem hjer austur. Er auðvitað ekki tekið tillit til flutninga í umhverfum stórborganna með því að þar eru alt aðrar ástæður og alls ekki sambærilegar. Það er jafnframt sýnt, að í þeim 3 löndum, er jeg hefi fyr nefnt til samanburðar, myndi óefað tekinn sá kosturinn til samgöngubóta að leggja járnbraut frekar en nýjan bifreiðaveg.

Alyktun.

Allir, sem nokkuð eru kunnugir hjer sunnanlands, hljóta að verða sammála um, að brýn þörf er fullkominnar samgöngubótar milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Aðallega hefir menn deilt á um, hvort nokkurt vit gæti verið, að hugsa til að leggja þar járnbraut, hvort járnbraut þyrfti ekki miklu meiri flutninga en hjer eru, til þess að hún yrði ekki afarþungur baggi. Í þeim umræðum hættir mörgum við, bæði að gera of lítið úr flutningum milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins og eins hinu að ætla, að slíkar smábrautir þurfi miklu meiri umferð en raun er á, til sémilegrar rekstrarafkomu.

